

**3490. fundur bæjarráðs, haldinn í fjarfundi,  
14. febrúar 2022 og hófst hann kl. 15:30.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundurinn fer fram í fjarfundi og í lok fundarins samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fyrir tekið:**

**1. 2202071 - Fjöliðjan - leigusamningur**

Leigusamningur við Línuvélar ehf. um húsnæði fyrir Fjöliðjuna að Smiðjuvöllum 28 til þriggja ára.

*Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi húsaleigusamning til þriggja ára vegna starfsemis Fjöliðjunnar vegna tímabilsins 1. maí 2022 til og með 28. febrúar 2025 og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og undirritun samningsins.*

*Bæjarráð samþykkir viðbótarfjármagn að fjárhæð kr. 5.865.200 vegna ráðstöfunarinnar sem mætt verður af liðnum 20830-4995 og fært á liðinn 02240-4420. Um virðisaukaskattskylda leigu húsnæðis er að ræða sem gert er ráð fyrir að fáiist endurgreidd frá ríkisskattstjóra vegna virðisaukaskattskyldrar starfsemi Fjöliðjunnar.*

*Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 2 vegna framangreinds og vísar honum til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar samþykktar.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:15.**